

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti			
Málsnr.	IVR0/020085	Abm.	BIP
Bréfal.	42.088	Aðrir	
Mótt.	2. 11. 01	Fskj.	
Aths.	Frammrit: Sísip		Staðn.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga

Að samkomulagi þessu standa Samtök banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna, Samband íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða, Neytendasamtökin og viðskiptaráðherra af hálfu stjórnvalda. Önnur fjármálafyrirtæki eða samtök fjármálafyrirtækja geta einnig gerst aðilar að samkomulagi þessu.

1. gr.

Markmið.

Aðilar að samkomulagi þessu eru sammála um gildi þeirrar stefnu að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans. Með samkomulaginu eru settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum í þeim tilvikum er skuldaábyrgð eða veð í eigu annars einstaklings eru sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu.

2. gr.

Gildissvið.

Samkomulag þetta tekur til allra skuldaábyrgða, þ.e. sjálfskuldarábyrgða og einfaldra ábyrgða, á skuldabréfalánum, víxlum og öðrum skuldaskjölum, á yfirdráttarheimildum á tékkareikningum og á úttektum með kreditkortum nema annað sé tekið fram í einstökum ákvæðum þess. Einnig tekur samkomulagið til þess er einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings.

Sjálfskuldarábyrgð er skuldaábyrgð nefnd þegar einstaklingur, ábyrgðarmaður, gengst í ábyrgð fyrir annan einstakling, greiðanda, og er til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, s.s. láni eða úttekt með kreditkorti. Í ábyrgðinni felst að ábyrgðarmaður ábyrgist að greiða skuldina, áfallna vexti, þ.m.t. dráttarvexti, verðbætur og kostnað sem hún væri hans eigin, komi til greiðslufalls hjá greiðanda.

Einföld ábyrgð er skuldaábyrgð nefnd þegar ábyrgðarmaður er ekki skyldur til að inna sína greiðslu af hendi nema skuldareigandi hafi árangurslaust reynt að fá skuldina greidda hjá aðalskuldara.

Samkomulagið gildir óháð því hvort til ábyrgðar er stofnað með áritun á skuldabréf, víxil eða annað skuldaskjal eða með útgáfu sérstakrar ábyrgðaryfirlýsingar.

3. gr.

Mat á greiðslugetu.

Sé skuldaábyrgð eða veð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu ber fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert.

Við greiðslumat skal taka tillit til neyslu og annarra fastra útgjalda áður en ráðstöfunarfé til greiðslu skuldbindinga er reiknað út. Við áætlun á útgjöldum til neyslu skal að lágmarki nota viðmiðun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eða Íbúðalánasjóðs. Við áætlun á greiðslubyrði vegna yfirdráttalána skal aldrei miða við lægri fjárhæð en sem nemur mánaðarlegum vöxtum og heimildargjöldum af hámarksfjárhæð yfirdráttarláns. Við áætlun á greiðslubyrði vegna kreditkorta skal taka mið af mánaðarlegum vöxtum af hámarksúttekt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er fjármálafyrirtæki skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars.

4. gr.

Upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar eða veðsetningar er stofnað.

Fjármálafyrirtækjum ber að gefa út upplýsingabæklinga um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar. Í bæklingunum komi m.a. fram hvaða skyldur felast í ábyrgðinni, heimild ábyrgðarmanns til að segja ábyrgðinni upp, heimild hans til að óska eftir að greiðslumat verði ekki framkvæmt og heimild hans til að bera ágreiningsmál vegna ábyrgðarinnar undir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki náist ekki sátt milli hans og fjármálafyrirtækisins.

Með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna staðfestir ábyrgðarmaður að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Ef ráðgert er að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki, skal ábyrgðarmaður staðfesta skriflega að honum hafi verið kynnt um þær ráðagerðir.

Tryggt skal að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

5. gr.

Upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns eftir að til skuldaábyrgðar eða veðsetningar er stofnað.

Fjármálafyrirtæki ber að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil sem verða á fjárhagslegri skuldbindingu sem hann er í ábyrgð fyrir. Stefnt skal að því að slík tilkynning sé send innan 30 daga frá greiðslufalli skuldara.

Fjármálafyrirtæki breytir ekki skilmálum láns eða annarrar fjárhagslegrar skuldbindingar sem tryggð er með skuldaábyrgð eða veði nema með samþykki ábyrgðarmanns. Með skilmálum í þessu sambandi er átt við lánstíma, afborganir og tryggingar ef aðrar tryggingar en skuldaábyrgð eða veð eru til staðar. Það teljast hins vegar ekki breyttir skilmálar þótt vextir hækki eða lækki í samræmi við upphaflegt samkomulag við lánveitingu. Það teljast heldur ekki breyttir skilmálar þótt almennar breytingar verði á skilmálum tékkareikninga eða annarra reikninga með yfirdráttarheimild eða á skilmálum kreditkorta.

Fjármálafyrirtæki skal um hver áramót tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um hvaða kröfum hann er í ábyrgðum fyrir, hverjar eftirstöðvar þeirra eru, hvort þær eru í vanskilum og hversu mikil vanskil eru ef um þau er að ræða.

6. gr.

Sérákvæði um yfirdráttarlán.

Sé skuldaábyrgð eða veð sett til tryggingar yfirdráttarheimild á tékkareikningi skal ábyrgðin miðast við tiltekna hámarksfjárhæð. Fjármálafyrirtæki er heimilt að breyta fjárhæð yfirdráttarheimildar, enda miðist skuldaábyrgð eða veð við tiltekna hámarksfjárhæð.

Skuldaábyrgð eða veð fyrir yfirdráttarheimild tékkareiknings skal ekki gilda lengur en í fjögur ár frá útgáfudegi.

Ábyrgðarmanni er heimilt að segja upp ábyrgð sinni og skal það gert skriflega. Fjárhæð ábyrgðar miðast þá við stöðu yfirdráttarláns við lok uppsagnardags, en skal þó aldrei vera hærri en hámarksfjárhæð ábyrgðar ábyrgðarmanns.

7. gr.

Sérákvæði um kreditkort.

Sé skuldaábyrgð eða veð sett til tryggingar úttekt með kreditkorti skal hún aldrei nema hærri fjárhæð en tvöfaldri mánaðarlegri úttektarheimild korthafa þegar ábyrgðin er veitt og ekki gilda lengur en í fjögur ár frá útgáfudegi ábyrgðar.

Fjármálafyrirtæki er heimilt að breyta úttektarheimild kreditkorts án samþykkis ábyrgðarmanns, enda miðist skuldaábyrgð eða veð við tiltekna hámarksfjárhæð.

Ábyrgðarmanni skal tilkynnt ef samið er við korthafa um uppgjör vanskilaskuldar. Ekki þarf að tilkynna ábyrgðarmanni ef samið er um ógjaldfallna skuld með því að dreifa henni á næstu úttektartímabil (greiðsludreifing).

Ábyrgðarmanni er heimilt að segja upp ábyrgð sinni og skal það gert skriflega. Fjárhæð ábyrgðar miðast þá við stöðu skuldar við lok uppsagnardags, en skal þó aldrei vera hærri en hámarksfjárhæð ábyrgðar ábyrgðarmannsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. verður ábyrgðarmaður ekki krafinn um hærri fjárhæð en sem nemur skuld vegna tveggja elstu úttektartímabila auk vaxta, dráttarvaxta og innheimtukostnaðar af þeirri fjárhæð.

8. gr.

Aldur ábyrgðarmanna.

Fjármálafyrirtækjum ber að miða við að aldur ábyrgðarmanna sé að jafnaði ekki lægri en 20 ár.

9. gr.

Ýmis ákvæði.

Fjármálafyrirtæki skal í samningi um skuldaábyrgð eða veðsetningu vísa í samkomulag þetta.


Óheimilt er að stofna til skuldaábyrgðar eða veðsetningar eftir gildistöku samkomulags þessa án þess að tilgreina fjárhæð skuldbindingarinnar. Fjármálafyrirtæki skal beita sér fyrir endurnýjun eldri skuldaábyrgða og veðsetninga sem tilgreina ekki fjárhæð skuldbindingarinnar og stofnað var til fyrir gildistöku samkomulags þessa.


Aðilar að samkomulagi þessu skulu meta árangurinn af því eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti frá gildistöku þess.

Samkomulag þetta tekur gildi frá og með 1. nóvember 2001. Ákvæði 3. mgr. 5. gr. skulu þó taka gildi frá 1. janúar 2002. Samkomulag þetta kemur í stað samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða frá 27. jan. 1998.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.


Valgrasur Lucius
Viðskiptaráðherra


Pjetur Rinn
F.h. Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja


Sigurður Höfnun
F. h. Sambands íslenskra sparisjóða


Jóhannas Gunnarsson
F.h. Neytendasamtakanna